# Vefgátt héraðsdómstólanna

## Innsending gagna

**Ef einstaklingur hefur ekki skráð sig inn áður þ.e er að nota vefgáttina í fyrsta skipti þarf að nýskrá sig og fylla inn ákveðnar grunnupplýsingar sbr. eftirfarandi mynd:**




1. **Einstaklingur skráir sig inn á vefgátt dómstóla með rafrænum skilríkjum til auðkenningar (vefgatt.domstolar.is). Að lokinni innskráningu er smellt á „Innsending gagna“ og svo valið „Gögn“**
   Á hverri af neðangreindri skjámynd er smellt þar sem auðkennt er með gulu.












## *1.* Sending gagna:

**a.** Nauðsynlegt er að skrá til hvaða héraðsdómstóls á að senda gögnin og hvaða málaflokki málið tilheyrir, það er valfrjálst að fylla í aðra reiti. Einnig verður að bæta við að lágmarki einu skjali.




**b.** Velja „Vista og senda“. Þá eru gögnin send til þess héraðsdómstóls sem var valinn.




**c.** Ef eingöngu smellt er á „Vista“ sendast gögnin ekki

**d.** **ATH!** Ef um mörg stór viðhengi er að ræða, þá þarf að vista áður en næsta skjal er valið.

*2.* **Þegar gögn hafa verið send fær sendandi staðfestingu þess efnis með tölvupósti þar sem fram kemur að innsend gögn hafi verið móttekin.**
**Einnig birtist ský í hægra horni tölvuskjásins í vefgáttinni með sömu upplýsingum.**



**Undir „Mitt yfirlit“ í vefgáttinni má sjá hvaða gögn voru send inn og kvittun með tímastimpli.**